

Tilmæli 26/2024
Tillaga A 1976/UHN
Afgreiðsla Norræna sjálfbærnefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 26/2024 um norrænt samstarf um að tryggja vindorku í Eystrasalti (A 1976/UHN)

Norræna sjálfbærnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar við tilmælum 26/2024 um norrænt samstarf um að tryggja vindorku í Eystrasalti til greina og álíti *afgreiðslu þeirra lokið* af hálfu ráðsins.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að hún kortleggi vænlegustu staðsetningar hafvindorkuverkefna óháð landamærum,
- að hún skapi tilfallandi kapaltengingar við hafvindorkuverkefni,
- að hún tryggi eftirlit með skemmdarverkum á kaplatengingum við hafvindorkuverkefni, og
- að hún bjóði Eystrasaltsríkjunum að taka þátt í að móta sameiginlega heildaráætlun um orkuframleiðslu og -flutninga í Eystrasalti.

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin þakkar fyrir tilmælin. Norræna ráðherranefndin leggur mikla áherslu á að tryggja framboð á jarðefnaeldsneytisláusri orku og enginn vafi leikur á að þar gegnir Eystrasaltið mikilvægu hlutverki. Möguleikinn á uppbyggingu vindorku, öruggar sæstrengjatengingar og samstarf á sviði orkumála eru því allt mikilvægir þættir í norrænu samstarfi.

Vinnan á þessu sviði innan hvers lands er studd umfangsmiklu alþjóðlegu og svæðisbundnu samstarfi. Því skiptir sköpum að aðgerðir Norrænu ráðherranefndarinnar styðji við þá vinnu sem nú þegar á sér stað innan alþjóðlegs og svæðisbundins samstarfs en sé ekki endurtekning á henni.



Meðal viðeigandi aðgerða má nefna að tilskipun ESB um skipulag hafsvæða frá 2014 skyldar aðildarríkin til að móta áætlanir um starfsemi á hafinu og styrkja samstarf milli aðildarríkja ESB sem eiga aðgang að sömu hafsvæðum, með það fyrir augum að tryggja að skipulagsáætlanir á hafinu séu samhæfðar og samræmdar á öllu svæðinu. Eins og kunnugt er, eru öll norrænu löndin sem liggja að Eystrasalti aðilar að ESB, sem og Eystrasaltsríkin, og falla þau því öll undir þessa reglugerð.

Annað mikilvægt samstarfsverkefni á svæðinu er Baltic Energy Market Interconnection Plan (BEMIP), sem miðar að opnum og samþættum orkumarkaði meðal ESB-ríkja við Eystrasaltið. Þann 30. september 2020 undirrituðu orkumálaráðherrar ESB-ríkjanna átta á svæðinu ásamt Kadri Simson framkvæmdastjóra yfirlýsingu um aukið samstarf um vindorku í Eystrasalti. BEMIP-hópurinn samþykkti starfsáætlun um uppbyggingu vindorku á hafi í október 2021 og hóf framkvæmd hennar með stofnun BEMIP Offshore Wind Working Group.

Í Marienborgaryfirlýsingunni frá ágúst 2022 ríkir samstaða um að efla pólitískt samstarf milli ríkja við Eystrasalt varðandi orkuöryggi, meðal annars með því að hraða útbreiðslu endurnýjanlegra orkugjafa. Yfirlýsingin var undirrituð af forsætisráðherrum ESB-ríkjanna átta á Eystrasaltssvæðinu sem hafa einsett sér að efla orkusamstarf og viðnámsþrótt til að leitast við að draga sem hraðast úr notkun rússnesks jarðefnaeldsneytis og um leið stuðla að kolefnishlutleysi ESB. Í yfirlýsingunni er meðal annars bent á mikil tækifæri sem liggja í vindorku á hafi til að draga úr notkun rússneskrar jarðefnaorku. Samstarfið verður órjúfanlegur hluti af BEMIP-samstarfinu og mun þar að auki fela í sér svæðisbundið samstarf á öðrum vettvangi þar sem við á.

Einnig má nefna að öll ESB-ríkin hafa unnið tíu ára landsáætlanir um orku- og loftslagsmál fyrir tímabilið 2021–2030 sem eru samræmdar á svæðisbundnum grundvelli. Þá fer einnig fram samstarf um flutningskerfi innan ramma Baltic Offshore Grid Initiative. Þá hefur ENTSO-E einnig unnið að svokölluðum „Offshore Network Development Plans“ (ONDP) til að skapa yfirsýn yfir innviðþörf í tengslum við uppbyggingu á hafvindorku, meðal annars í Eystrasalti.

Það norræna samstarf á þessu sviði sem lýst er hér að neðan er því viðbót við núverandi starfsemi.

MR-MK

Umhverfis- og loftslagssvið mun vinna að skipulagningu hafsvæða þar sem sviðið hefur tilgreint ákveðið undirmarkmið sem pólitískt forgangsmál á tímabilinu 2025–2030. Þar kemur fram að sviðið muni vinna að undirmarkmiði 2.2: „Við setjum aukinn kraft í að tryggja að norræn hafsvæði séu vernduð, þeim stjórnað og þau nýtt með umhverfislega, líffræðilega og efnahagslega sjálfbærni að leiðarljósi.“ Fagsviðið er með áætlun í



hafmálum (2025–2027) þar sem unnið verður með skipulagningu hafsvæða: „Sjálfbær nýting og skipulagning svæða: Miðar að vistkerfismiðaðri og sjálfbærri skipulagningu haf- og strandsvæða. Með því að stuðla að samstarfi og fjölpætri nýtingu hafauðlinda (svo sem sambúð vindorku, náttúru og fiskeldis) leitast áætlunin við að skapa jafna og sjálfbæra nýtingu sem uppfyllir bæði umhverfislegar og samfélagslegar þarfir.“

Áætlunin er á byrjunarstigi og mun standa til loka ársins 2027.

MR-Digital

Innan verkefnisins [Nordic Spatial](#) er verið að þróa þverþjóðlegt verkfæri fyrir skipulagningu hafsvæða (marine spatial plans). Verkfærið gerir kleift að finna ákjósanlegar staðsetningar fyrir vindorkuver á hafi úti með því að samþætta haffræðileg, vistfræðileg og félagshagfræðileg gögn sem aftur gerir sameiginlega skipulagningu án tillits til landamæra. Verkfærið styrkir samstarf, lækkar kostnað með samvirkni, tryggir að farið sé eftir alþjóðlegu regluverki og gerir sveigjanlega stjórnun og eftirlit mögulega. Með því að bjóða upp á sameiginlegan vettvang eykst gagnsæi, nýting hafsins er háþyrskil og stuðlað er að sjálfbærri þróun vindorku á hafi úti í mörgum löndum. Verkefnið mun skila af sér sýnidæmi innan skamms. Eystrasaltsríkin taka þátt í verkefninu.

MR-FJLS

Norræna ráðherranefndin tekur undir margt af því sem nefndin veltir fyrir sér varðandi skipulagningu vindorku á hafi sem þarf að fara fram með tilliti til ýmissa annarra hagsmuna sem einnig eiga réttmæta kröfu til rýmis á hafinu. Þetta á meðal annars við um ýmsar atvinnugreinar, auk tómstunda, hernaðarstarfsemi og ekki síst lífríkis hafsins sem víða á undir högg að sækja. Spurningin um staðsetningu vindorkuvera á hafi er því ofarlega á dagskrá MR-FJLS. Eitt af lykilmarkmiðunum í samstarfsáætlun MR-FJLS 2025–2030 er að leita framtíðarlausna til grænna umskipta á hafinu, sem jafnframt styðja við Parísarsamkomulagið og Kunming-Montreal-rammann.

Svíþjóð lagði sérstaka áherslu á þessi mál á formennskuári sínu 2024, sér í lagi að finna leiðir til að auka samnýtingu í tengslum við fiskveiðar, fiskeldi og vindorkuver á hafi úti. Niðurstöður þeirrar vinnu sýndu að þótt verulegar áskoranir fylgi sameiginlegri nýtingu á milli þessara greina þá er frjór jarðvegur á Norðurlöndum fyrir nýsköpun og stjórnun sem getur eflt þróun á þessu sviði. Gert er ráð fyrir að EK-FJLS (fiskveiðar og lagareldi) muni kafa dýpra í þennan vanda á næstu árum.

MR-Energi

Öruggt aðgengi að orku á viðráðanlegu verði skiptir sköpum fyrir norrænu löndin. Atburðir síðustu ára, m.a. með aukinni spennu í heimsmálunum, hafa reynt á kerfin með



tilliti til afhendingaröryggis og orkuverðs og því er það einnig lykilmarkmið í norrænni samstarfsáætlun um orkumál 2025–2030 að stuðla að miklu afhendingaröryggi fyrir

norræna neytendur og fyrirtæki. Norrænt samstarf um afhendingaröryggi getur stuðlað að því að treysta kerfin og styrkja gagnvart framtíðaráskorunum meðal annars með auknu samstarfi og miðlun reynslu um rammaskilyrði varðandi endurnýjanlega og jarðefnaeldsneytislausu orku og með aukinni áherslu á innviðauppbýggingu.

Norrænu löndin búa yfir mismunandi náttúruauðlindum og tryggja afhendingaröryggi með ólíkum hætti en þessar ólíku náttúruauðlindir bæta hver aðra vel upp og stuðla saman að auknu afhendingaröryggi á Norðurlöndum. Meta verður skilvirkustu leiðina til að tryggja orkuöryggi á Norðurlöndum út frá heildarmati. Það ræðst af mati hverju sinni hvort tilfallandi tengingar með sæstreng séu besta leiðin til að tryggja orkuöryggi á Norðurlöndum. Vindorka á hafi stendur nú þegar frammi fyrir fjármögnunarerfiðleikum. Landtenging með sæstreng er oft stór hluti af kostnaði hvers verkefnis og því geta tilfallandi tengingar með sæstreng haft í för með sér enn frekari áskoranir varðandi fjármögnun.

Til að hámarka norrænan ávinning af samstarfi um uppbyggingu vindmylla á hafi úti hafa nokkur verkefni verið unnin innan ramma norræns samstarfs á sviði orkumála sem tengjast bæði líffræðilegri fjölbreytni í tengslum við vindmyllur á hafi úti og um sambúð og náttúru-sambætta hönnun vindorkugarða. Einnig er í vinnslu verkefni um leyfisferli til að hraða uppbyggingu á hafvindorku á Norðurlöndum sem búist er við að verði kynnt síðar á árinu 2025.

Norræna ráðherranefndin telur hér með að orðið hafi verið við tilmælunum.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin ræddi málið á fundi þann 23. júní. Niðurstaða nefndarinnar var að frekari eftirfylgni ætti að fara fram á vegum stofnana sem fara út fyrir valdsvið ráðherranefndarinnar. Flokkahópur miðjumanna lagði því til að svarið yrði sent til Nordefco. Nefndin studdi þá tillögu. Einnig voru ræddir möguleikar á því að leitast eftir aðkomu Þingmannaráðstefnu Eystrasaltssvæðisins (BSPC). Skrifstofunni var falin frekari úrvinnsla málsins í samræmi við ofangreint.

Með vísan til tillögu flokkahóps miðjumanna um að senda tilmælin Nordefco til að fara yfir varnar- og öryggissjónarmið málsins var beðið um að þeir undirbyggju málið fyrir Nordefco og hugsanlega Hagasamstarfið á septemberfundinum.



Á septemberfundinum kynnti flokkahópur miðjumanna skriflega fyrirspurn til Nordefco og Hagasamstarfsins og samþykkti nefndin þar með að álíta tilmælin fullafgreidd af hálfu Norðurlandaráðs.

Ósló, 16. september 2025

Tove Elise Madland (A)

Johan Andersson (S)

Åsa Karlsson (S)

Ola Elvestuen (V)

Rebecka Le Moine (MP)

Halla Hrund Logadóttir (Frfl)

Krista Mikkonen (grænum)

Jón Gunnarsson (Sjfl.)

Lene Westgaard-Halle (H)

Martin Paasi (saml)

Juho Eerola (saf)

Staffan Eklöf (SD)

Lotta Johnsson Fornarve (V)

Marius Aron Nilsen (FrP)